

## Stjórnarfundur GHG miðvikudaginn 3. des 2014 kl. 20:40 í golfskála

Mættir voru: Auðunn, Össur, Morten, Sveinbjörn og Ólafur. Aðrir boðuðu forföll.

1. Fundargerð stjórnarfundar 11. nóvember yfirfarin og samþykkt með lítilsháttar breytingum.
2. Ársreikningur 2014. Auðunn yfirfór fyrirbyggjandi ársreikning GHG 2014 fyrir tímabilið 1. nóvember 2013 til 31. október 2014.  
Samkvæmt ársreikningnum eru rekstrartekjur GHG samtals 33.208.795 kr. og hagnaður af rekstri 674.482 kr. Bókfærðar eignir GHG nema 23.185.806 kr. og skuldir 6.375.388 kr. þann 31. október 2014. Ekki var um að ræða neina eignfærða fjárfestingu á árinu.  
Afkoma GHG er mun betri en á fyrra ári en áætlun gerði ráð fyrir um 1,0 millj. meiri hagnaði. Skuldir GHG lækka frá síðasta uppgjöri um 2,7 millj. kr.  
Fundað hefur verið með skoðunarmönnum klúbbsins sem hafa yfirfarið ársreikninginn og áritað hann.  
Ársreikningurinn samþykktur og áritaður af stjórn.
3. Orlofsuppgjör við fyrrv. framkvæmdastjóra. Auðunn greindi frá samskiptum og stöðu málsins. Ekkert hefur komið fram frá síðasta fundi sem breytir afstöðu stjórnar til uppgjörins.
4. Fjárhagsáætlun 2015. Fram fóru umræður um nokkrar forsendur áætlunar. Umræðu frestað til næsta stjórnarfundar þann 9. desember.
5. Aðalfundur GHG. Ákveðið að aðalfundur fari fram þriðjudaginn 16. desember kl. 20 í golfskálanum. Auðuni falið að boða til fundarins.
6. Íþróttamaður GHG 2014. Stjórn samþykkir samhljóða að útnefna Fannar Inga Steingrímsson íþróttamann GHG árið 2014. Einnig verður hann tilnefndur af GHG til kjörs íþróttamanns Hveragerðis. Páli og Auðuni falið að ganga frá tilnefningunni ásamt greinargerð.
7. Háttvísi og hegðunarverðlaun barna- og unglunga. Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga:  
*Formaður barna- og unglunganefndar GHG, Páll Sveinsson og þjálfari afrekshóps GHG, Ingvar Jónsson, leggja til að stjórn GHG samþykki Birgi Busk og Fannar Inga Steingrímsson sem verðlaunahafa ársins 2014 fyrir háttvísi og hegðun. Þeir hafa sýnt ástundun, elju og fyrirmyndar framkomu á árinu og eru þar af leiðandi verðugir handhafar verðlaunanna.*  
Stjórn samþykkir tillöguna samhljóða.
8. Tenging við Gagnaveitu. Össur greindi frá því að hann hefur verið í sambandi við Gagnaveitu Reykjavíkur vegna ljósleiðaratengingar sem verið er að vinna að í dreifbýlinu í Ölfusi. Fram kom að þrátt fyrir áminningar var ekki sótt um tengingu fyrir íbúðarhúsin innan tilskilins frests og af þeim sökum verða íbúðarhúsin ekki tengd nema gegn greiðslu stofngjalds að upphæð 260.000 kr. Össuri falið að vinna áfram að málinu, en ekki er vilji til að leggja út fyrir stofngjaldi að svo stöddu.

Fundi slitið kl. 21:50

Fundargerð skráði Auðunn Guðjónsson